Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, nóvember 2018

Laxá á Ásum
Rannsókn á seiðabúskap 22. ágúst 2018


Inngangur

Sumarið 2018 var nokkuð óvenjulegt. Mikil úrkoma var mest allt sumarið og fremur kalt í veðri, hiti í ánum 2-3 gráðum undir meðaltali vegna sólarleysis. Ár V- og NV-lands voru vatnsmiklar allt sumarið. Laxveiði N-lands var undir væntingum. Laxá á Ásum var mjög vatnsmikil og köld fram á síðari hluta sumar og veiðiskilyrði erfið. Seiðarannsóknir voru gerðar 22. ágúst, nokkuð mikið vatn var í ánni, sem veldur því að seiði veiðast verr og mat á fjölda verður lægra en þegar rennsli er minna.
Síritandi hitamælir var settur niður við Holt og skráði hann hitann frá 28. apríl til 22. ágúst 2018.


Laxveiðin 2018

Alls veiddust 698 laxar í Laxá og er þá veiðin á ósasvæðinu undanskilin. 565 löxum 82% var sleppt. Smálaxar voru 549, 80% og stórlaxar 140, 20%. Miðað var við að stórlax væri 69 cm og lengri. Stöngum í Laxá á Ásum var fjölgað úr tveimur í fjórar 2016 og hefði því mátt búast við aukningu á veiði þess vegna, nokkuð sem minna varð úr. Lengdardreifing veiðinnar er sýnd á mynd 3. Veiði á smálaxi og stórlaxi eftir vikum er sýnd á mynd 4. Þrátt fyrir að fjöldi stórlaxa vaxi með tíma og að öllum sé sleppt fellur vikuveiðin þegar líða fer á haustið. Veiði á smálaxi fellur hratt frá 6. viku fram á haust þó megninu sé sleppt í ána aftur.


Veiðin í nágrannaánum, Víðidalsá og Vatnsdalsá, var með minnsta móti og hefur verið minnkandi frá 2015. Veiði í Miðfjarðará var liðlega fjórum sinnum meiri en meðalveiðin í hinum stóru ánum í Húnavatnssýslum, en allar árnar fylgdust að í veiði frá 1974 til 2003. Engin haldbær líffræðileg skýring hefur verið gefin á þessari veiðiaukningu í Miðfjarðará umfram ár í nágrenninu.




Mynd 1. Laxveiði í Víðidalsá, rautt, Vatnsdalsá, grænt og Laxá á Ásum, blátt, 2000-2016. Þessar ár sveiflast allar í sama takti og veiðin í þeim hefur verið svipuð síðustu árin.



Mynd 2. Laxveiði í Miðfjarðará (rautt) og meðalveiði í Víðidalsá, Vatnsdalsá og Laxá á Ásum (blátt) 1974-2018.



Mynd 3. Lengdardreifing veiðinnar.




Mynd 4. Skipting veiði í smálaxa (rautt) og stórlaxa (blátt) eftir vikum. Fyrsta vika hófst 19. júni, síðasta vika var aðeins 2 dagar, 18. og 19. september.

Niðurstöður seiðarannsókna

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða á þeim 5 stöðvum sem veitt var á. Alls veiddust 11 urriðaseiði, öll sumargömul, 5.5-6.5 cm löng.

Stöð nr.	Heiti	Dags	Stærð	Aldur									
				0+		1+		2+		3+		Samtals	Þéttleiki
			m²	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		Fj/100 m²
1	Tumi	22/8	50	7	3.6	16	6.0	4	7.8	5	10.1	32	64
2	Neðan Tuma	22/8	40	18	3.4	8	5.8	3	6.9	2	9.8	31	78
3	Neðan Krókhyls	22/8	50	40	3.5	6	6.1			2	11.3	48	96
4	Holt	22/8	45	25	3.7	10	6.2	5	7.1	1	11.2	41	91
5	Húnsstaðahorn	22/8	50	11	4.4	5	7.4	2	9.1			18	36
	Samtals:		235	101	3.75	45	6.375	14	7.7	10	11	170	72
	Fj/100m²			43		19		6		4			

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-5 í Laxá á Ásum 2018.




Mynd 5. Lengdardreifing allra veiddra laxaseiða 22. ágúst 2018

Ástand og fjöldi seiða á einstökum veiðistöðvum

Stöð 1. Tumi
Mjög mikið af stórum seiðum, 2 og 3 ára gömlum, og eins árs seiðum 6 cm löngum. Frekar lítið af seiðum frá í vor, 0+, enda svæðið grýtt.



Mynd 6. Veiðistaðurinn Tumi.


Mynd 7. Seiði úr Tuma.



Mynd 8. Lengdardreifing laxaseiða úr Tuma.

Stöð 2. 300 m neðan Tuma.
Hér er áin nokkuð straumlítil og botninn fremur fíngerður og lítið um stærri grjót. Þarna var mjög mikið af smáseiðum, 0+.




Mynd 9. Lengdardreifing seiða af stöð 2.


Mynd 10. Seiði af stöð 2.

Stöð 3. Neðan við Krókshyl

Fíngerður botn og mikið af smáseiðum




Mynd 11. Lengdardreifing laxaseiða af stöð 3.



Mynd 12. Seiðin af stöð 3, neðan við Krókshyl.

Stöð 4. Holt



Mynd 13. Lengdardreifing laxaseiða af stöð 4.




Mynd 14. Seiði af stöð 4.

Stöð 5. Húnsstaðahorn



Fyrst var veitt á þessari stöð árið 2013. Veitt var 120 m² svæði og veiddust aðeins 15 seiði sem tilsvarar 8 seiðum á 100 m². Næst var veitt 2016 og þá veiddist þarna mjög mikið, eða 120 seiði á hverja 100m². Nú veiddust 36 seiði á 100m² svo greinilegt er að magnið er breytilegt milli ára. Svæðið er smágrýtt og því mest um smáseiði. Sumargömlu seiðin voru þarna stærri en á öðrum stöðvum.




Mynd 15. Lengdardreifing laxaseiða frá Húnsstaðahorni.



Mynd 16. Seiði frá Húnsstaðahorni. Nokkur þeirra stærstu voru kynþroska hængar með fullþroskuð svil. Þesssir dverghængar taka þátt í hrygningu á haustin og feðra stóran hluta hrognanna. Kynþroska hængar fundust á flestum veiðistöðvum.

Þróun á seiðaþéttleika frá 2000

Þetta sést í töflu 2 og á mynd 17. Vorgömlum seiðum (0+) hefur fjölgað mjög mikið síðustu ár og fjöldi eins og tveggja ára seiða er einnig vaxandi. Hrygning í ánni er yfirdrifin.




Mynd 17. Þróun í fjölda seiða 2000- 2016. Bláa línan sýnir 0+, græna línan 1+, og rauða línan sýnir tveggja ára seiði. Þéttleiki var ekki mældur 2017, gildi þess árs var sett meðaltal af 2016 og 2018 til þess að unnt væri að teikna línurnar í samfellu.

Ár	Fjöldi seiða á 100 m²				
Aldur:	0+	1+	2+	3+	Samt
00	2	4	2		9
01	9	6	5		21
02	2	4	3	1	10
03	8	7	1		16
04	9	9	3		21
05	20	5	2		27
06	14	13	3		30
07	30	11	7	1	49
08	32	9	4	1	46
09	14	16	9	1	40
10	64	13	10		88
11	41	13	7	1	62
12	16	10	4	1	31
13	9	19	10	6	43
14	33	10	6	1	49
15	36	13	4	3	56
16	63	20	13		97
17					
18	43	19	6	4	72

Tafla 2. Mældur seiðaþéttleiki í Laxá á Ásum 2000-2018.


Vatnshiti

Vatnshiti var mældur með síritandi hitamæli á þriggja tíma fresti 28. apríl - 22. ágúst.
Vatnshitinn í maí og júní er mikilvægur fyrir gönguseiði sem eru að búa sig undir sjávargöngu.




Hitinn í maí og fram í júní 2018 var í meðallagi svo ætla má að niðurgönguseiði hafi þroskast eðlilega. En svo hitnaði ekki meira og sumarið var svalt, eða um 2 gráðum kaldari en í meðalári.

Mynd 18. Vikulegur meðalhiti í Laxá á Ásum 2015-2018.



Mynd 19. Vatnshiti í Laxá á Ásum 28/4-22/ 2018.
Mælt var á þriggja tíma fresti, 12.00, 15.00 o.s.frv. Hægri ásinn sýnir hita frá 3-17 °C.

Vatnsfall	Leiðni uS	Ph
Sept. 2018	v. 25 °C	
Miðfjarðará	99	6.7
Vatnsdalsá	99	6.5
Laxá Ásum	95	7.3
Víðidalsá	89	7.6
Giljá	81	6.6
Gljúfurá	74	7
Laxá í Refasveit	65	7.6
Hrútafjarðará	65	6.1
Hjaltadalsá	32	5.7
Kolka	25	6.6



Mynd 20. Sýnir leiðni og sýrustig í nokkrum ám N-lands í september 2018. Leiðni sýnir uppleyst magn steinefna, áburð, í vatninu. Því hærra gildi þeim mun betri skilyrði fyrir þörungagróður og þar með framleiðni.